

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2010, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Mariönnu Jónasdóttur og Elínu Guðjónsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Marinó Melsted, Björn Ragnar Björnsson og Eliisa Kaloinen frá Hagstofu Íslands, Markús Möller, Gunnar Gunnarsson og Þórarin G. Pétursson frá Seðlabanka Íslands og Tómas Brynjólfsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2011 gerir ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs verði neikvæð um 36,430 milljarða kr., heildartekjur verði 477,370 milljarðar kr. og að skatttekjur nemi þar af um 445,544 milljörðum kr. Í endurskoðaðri áætlun ársins 2010 er gert ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs í ár verði neikvæð um 74,537 milljarða kr., heildartekjur verði 470,754 milljarðar kr. og skatttekjur 414,822 milljarðar kr.

Í þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 15. júní 2010 sem liggur fjárlagafrumvarpinu til grundvallar er reiknað með að hagvöxtur á árinu 2011 verði 3,2%. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir að endurmat á tekjuáætlun og endanleg afgreiðsla frumvarpsins fari fram að lokinni endurskoðun þjóðhagsspár. Endurskoðun þjóðhagsspár var birt 23. nóvember sl. og er þar gert ráð fyrir að hagvöxtur á næsta ári verði 1,3% minni en áður var talið, eða 1,9%. Er þetta nálægt mati Seðlabankans í nýjustu útgáfu Peningamála sem gerir ráð fyrir 2,1% hagvexti.

Markmið fjárlagafrumvarpsins tekur mið af stefnu ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í rekstrarafkomu ríkisins eigi síðar en árið 2013. Farln hefur verlið blönduð leið tekjuöflunar og samdráttar í útgjöldum en á þessu þriðja ári áætlunarinnar verður þungi aðgerðanna að mestu á útgjaldahlið frumvarpsins. Ráðstafanir til aukinnar tekjuöflunar eiga samkvæmt fjárlagafrumvarpinu að nema 11 milljörðum kr. og 33 milljörðum kr. til samdráttar í útgjöldum. Í frumvarpi fjármálaráðherra um ráðstafanir í ríkisfjármálum (þskj. 217, 200. mál) gefur að líta yfirlit um sérstakar tekjuöflunaraðgerðir árið 2011 og hvernig þau tekjuáform skiptast á milli einstakra tekjustofna. Er reiknað með að tekjurnar verði 10,3 milljarðar kr. Engar almennar breytingar eru þar fyrirhugaðar á helstu tekjuskattstofnum ríkissjóðs, svo sem tekjuskatti einstaklinga, virðisaukaskatti eða tryggingagjaldi, heldur segir að fremur sé horft til skatta á fjármagn og eignir með það að leiðarljósi að hafa sem minnst áhrif á ráðstöfunartekjur þeirra sem minna mega sín.

Fram kom á fundum nefndarinnar að endurskoðuð hagvaxtarspá Hagstofunnar skýrist aðallega af frestun framkvæmda við stóriðju í Helguvík. Að öðru leyti væru ekki veigamikil frávik frá fyrri spá. Gert er ráð fyrir að einkaneysla vaxi um 2,6% í stað 3,4%, samdráttur samneyslunnar verði um 4,3% í stað 3,8%, að atvinnuleysi verði um 7,3% í stað 8,3% og að verðbólga verði um 2,3% í stað 3,5%. Miklum afgangi á vöru- og þjónustuviðskiptum er áfram spáð en óvissu gætir varðandi ýmsa þætti eins og uppbyggingu stóriðju, alþjóðlega efnahagsþróun, úrlausn á skuldavanda heimila og fyrirtækja og kjarasamninga.

Efnahags- og skattanefnd ræddi áhrif uppfærslu þjóðhagsspár á helstu liði skatttekna ríkissjóðs og óskaði eftir minnisblaði frá fjármálaráðuneyti þar að lútandi. Þar kemur fram að allir helstu liðir innlendarar eftirspurnar muni leggja minna til hagvaxtar en í fyrri spá. Forsendur tekjuáætlunar eru því verri en áður en á móti vegur að kaupmáttur ráðstöfunartekna helst nánast óbreyttur vegna minna atvinnuleysis og lægri verðbólgu. Fram kemur að neikvæð áhrif dekkri þjóðhagshorfa fyrir næsta ár á skatttekjur ríkissjóðs séu metin um 6 milljarðar kr. og eru áhrif á helstu liði útlistuð í minnisblaðinu sem fylgir áliti þessu. Í töflu sem einnig fylgir álitinu og kemur frá fjármálaráðuneytinu kemur fram að

breyttar tekjuhorfur við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins verði samtals neikvæðar um 11 milljarða kr. á rekstrargrunni en 12,3 milljarða kr. á greiðslugrunni.

Meiri hluti efnahags- og skattanefndar gerir þann fyrirvara að enn séu óafgreiddar lagabreytingar í tengslum við tekjuöflunaraðgerðir næsta árs sem haft getur áhrif á niðurstöðu tekjuáætlunarinnar. Einnig hefur verið bent á að óvissuþættir um framgang áætlunarinnar lúti að aukningu einkaneyslu og efnahagsþróun í helstu viðskiptalöndum okkar.

Alþingi, 2. des. 2010.

Helgi Hjörvar, form.,
Álfheiður Ingadóttir,
Magnús Orri Schram,
Lilja Rafney Magnúsdóttir,
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.